

Kratus ehf.
Klafastaðavegi 4
301 Akranes

Umhverfisstofnun
Áb. _____
27. des. 2017
Tilv. _____

Reykjavík 21. desember 2017
UST201502-110/S.P.
08.07.02

Efni: Álagning dagsekta og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 14. júní 2016 þar sem stofnunin samþykkti úrbótaáætlun og frestaði álagningu dagsekta til 1. desember 2017 vegna tveggja frávika er fram komu í eftirliti hjá rekstraraðila þann 7. nóvember 2013 og 23. apríl 2014. Stofnunin veitti rekstraraðila frest til að senda inn staðfestingu á gerðum úrbótum eigi síðar en 30. nóvember 2017. Rétt er að taka fram að Umhverfisstofnun hefur áður frestað álagningu dagsekta vegna þessara frávika, að fjárhæð 50.000 kr., sbr. bréf dags. 17. nóvember 2015.

Frávikin sem um ræðir eru eftirfarandi:

- **Frávik frá gr. 2.13:** Finryki hefur ekki verið skilað til viðeigandi spilliefnamóttöku og er því safnað upp í gámum á lóðinni og í geymslu í Gjáhelli 11 í Hafnafirði. Skv. grein 2.13 skal spilliefnum skilað til viðurkenndrar spilliefnamóttöku og ávallt skal gæta þess að ekki safnist upp birgðir af spilliefnum.
- **Frávik frá gr. 2.15:** Útflutningur á síuryki til endurvinnsluáðila er ekki hafinn og er þessum úrgangi safnað fyrir á lóð verksmiðjunnar. Almennum framleiðsluúrgangi, þ.m.t. síuryki, skal skila á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang eða koma í lögmætan endurvinnsluferil. Varanleg geymsla hvers konar úrgangs á verksmiðjувæðinu er óheimil

Samkvæmt bréfi Umhverfisstofnunar, dags. 14. júní 2016, telur stofnunin að fullnægjandi úrbætur felist í því að **öllum uppsöfnuðum** birgðum af finryki og síuryki verið ráðstafað á viðurkenndan hátt.

Í reglubundnu eftirliti 9. nóvember sl. kynnti rekstraraðili áætlun um að flytja finrykið út til endurvinnslu og áætlað var að 10 gámar færu út í desember 2017. Umhverfisstofnun hefur óskað eftir staðfestingu um að útflutningurinn hafi átt sér stað en hún hefur ekki borist.

Í reglubundnu eftirliti 9. nóvember sl. kynnti rekstraraðili jafnframt að verið væri að vinna síurykið niður í vinnsluferlinum með því að setja það aftur inn á ofnanna, en sú aðferð var einnig kynnt í samþykktri úrbótaáætlun frá 14. júní 2016. Fyrir liggur að mánaðarbirgðir eru af síuryki í vinnsluhúsi Kratusar en samkvæmt grein 2.12 í starfsleyfi er heimilt að vera með allt að þriggja mánaða birgðum af síuryki á lóðinni.

Umhverfisstofnun hefur fengið upplýsingar um birgðastöðu finryks og síuryks í reglubundnum eftirlitum. Ekki er hins vegar ljóst hve mikið fellur til hverju sinni í framleiðslunni og hve mikið hefur verið flutt erlendis í endurvinnslu eða endurunnið í vinnsluferlinum. Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir skráningum á framleiðslu finryks og síuryks, hve mikið magn hefur verið endurunnið í ferlinum og kvittunum fyrir útflutningi finryks og síuryks. Þá óskar stofnunin eftir upplýsingum byggðum á þessum skráningum um hvort og þá í hve mikið magn af finryki og síuryki finnist á lóðinni og nærliggjandi lóðum. Á lóð rekstraraðila og nærliggjandi lóð eru gámar og samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er ekki fullvissa um innihald þeirra. Rekstraraðili telur líklegt að þar sé hvorki um að ræða finryk né síuryk en ekki eru skráningar eða aðrar tiltækar staðfestingar á því.

Umhverfisstofnun bendir á að rekstraraðili skal tryggja að starfsemi þeirra sé í samræmi við ákvæði laga og þeirra reglna sem um starfsemina gilda, sbr. 40. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.


Þar sem að ekki liggja fyrir staðfestingar á úrbótum leggur Umhverfisstofnun dagsektir að upphæð 50.000 kr á dag vegna ofangreindra frávíka sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Dagsektirnar leggjast á frá og með 11. janúar 2018 og þar til rekstraraðili leggur fram staðfestingu á því að fullnægjandi úrbætur hafi verið gerðar.

Ákvörðun þessi mun verða birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta sjónarmið fyrirtækisins.

Umhverfisstofnun vekur athygli á 30. gr., sbr. 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávíka frá ákvæðum starfsleyfis verður nú innheimt samkvæmt gjaldskrá. **Gjaldið er kr. 52.800.**


Umhverfisstofnun bendir á að ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Svövu Pétursdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á svava.petursdottir@ust.is. Áætlun og/eða gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is



Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri

Virðingarfyllst



Svava Pétursdóttir
lögfræðingur